

Landsvirkjun
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Sent í gegnum vefsíðu Landsvirkjunar


Reykjavík, 10. mars 2025

Efni: Umsögn Landverndar um sjálfbærnimat Fljótsdalsstöðvar

Landvernd hefur kynnt sér drög að matsskýrslu fyrir sjálfbærnimat Fljótsdalsstöðvar. Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við matið og er undrandi á því hvernig framkvæmd með viðlík neikvæð umhverfisáhrif getur komið vel út úr sjálfbærni úttekt. Kárahnjúkavirkjun er ein umdeildasta framkvæmd Íslandssögunnar sem eyðilagði stórt landsvæði, náttúru og viðerni, valdi klofnun þjóðarinnar og nærsamfélags, alvarlega kúgun andstæðinga og mun skila eftir sig mikla sandauðn og umhverfisvandamál handa framtíðar kynslóðum.

Frá upphafi til enda

Sjálfbærni er hugtak sem þarf heildstæða nálgun. Ekki er hægt að meta bara einstaka þætti án þess að sjá allt samhengið. Þrjár grunnstoðir sjálfbærrar þróunar, náttúra, samfélag og hagkerfið standa í ákveðnu samhengi til hvors annars eins og sýnd er á grunni heimsmarkmiða í viðkomandi mynd:



<https://www.stockholmresilience.org/research/research-news/2016-06-14-the-sdgs-wedding-cake.html>

Horft er á þá staðreynd að auðlindir jarðarinnar eru takmarkaðar og mynda þar með lokuð kerfi sem samfélagið og efnahagslífið eru hluti af. Innan náttúrunnar hefur maðurinn skapað samfélagið og hagkerfið hefur maðurinn mótað innan samfélagsins. Það er því augljóst að hagkerfið verður að taka mið af þeim gildum sem móta gott samfélag og samfélagið þarf að

laga sig að þeim reglum og lögmálum sem náttúran setur. Grundvallaratriði er að halda sig innan þolmarka náttúrunnar.

Ef meta á framkvæmdir verður að meta þær á heildstæðan hátt frá upphafi til enda. Sjálfbærnimatið sem hér er til umsagnar virðist hins vegar ekki meta virkjunina frá upphafi til enda heldur einungis einstaka þætti, sérstaklega sem viðkoma núverandi rekstri hennar. Það er tvennt ólíkt að meta áhrif virkjunarinnar í heild eða einungis hvort Landsvirkjun rekur hana með góðum starfsháttum. Þó að mat á starfsháttum Landsvirkjunar við rekstur Fljótsdalsstöðvar komi vel út m.a. varðandi virkum gæðastjórnunarkerfum, eftirliti, vöktun og mótvægisáðgerðum þá getur slíkt aldrei verið til þess að heildar virkjunin fái sjálfbærni-stimpil. Að halda því fram að þessi vatnsaflsvirkjun með sínum umhverfisáhrifum sé sjálfbær myndi draga stórlega úr trúverðugleika á þessu vottunarkerfi. Slík vottun væri grænþvottur.

Í matsskýrslunni stendur að „HS staðallinn samanstendur af 12 efnispáttum sem ná yfir áhrif umhverfis-, samfélags-, stjórnunar- og loftslagsbreytingar, bæði neikvæð og jákvæð, sem stafa af uppbyggingu og rekstri vatnsaflsvirkjana.“ Matið nær hins vegar varla til uppbyggingartímans sem er alvarlegur annmarki á þessari úttekt.

Umhverfisáhrif

Upphafið

Skipulagsstofnun lagðist á sínum tíma gegn Kárahnjúkavirkjun sérstaklega vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa. Þó að einhverjum útfærslum virkjunarinnar var breytt eftir þennan úrskurð liggja samt fyrir umtalsverð umhverfisáhrif sem matsdrögin fjalla ekki nægilega um. Sú stutta lýsing á vistkerfi virkjunarsvæðis sem kemur m.a. fram á bls. 50 í matsdrögum er með öllu ófullnægjandi og kemur ekkert inn á sérstæði svæðisins, verndargildi þess og þeim dýrmætum vistkerfum sem voru drekkt undan lóninu. Sem dæmi um sérstöðu svæðisins má nefna að í úrskurði [umhverfisráðherra frá 2001](#) kemur m.a. fram (á bls. 77) að „Svæðið hefur sérstöðu að því leyti að það er stærsta samfellda gróðurlendi hálendisins sem nær niður á láglandi og allt niður að sjó.“

Til þess að geta metið umhverfisáhrifin verða matsaðilar að vera vel meðvituð um það risk og sú eyðilegging sem hefur farið fram með þessari framkvæmd.

Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við mat aðila á landraski. Á bls. 21 er talið að kröfur vegna landrasks séu uppfylltar m.t.t. sjálfbærni. Hvernig á það að vera hægt þegar svona mikið af verðmætu landi og vistkerfum var sökkt undir lóninu? Bæta má við að lónið er nú orðið stærra en gert var ráð fyrir eða um [63 km²](#) að stærð í staðinn fyrir 57 km² eins og upphaflega var gert ráð fyrir.

Nútið

Fyrirliggjandi mat á sjálfbærni Fljótsdalsstöðvar vekur upp furðu á margan hátt. Það virðist vera þannig að nóg er að hafa virka vöktun og mótvægisáðgerðir til þess að koma vel út úr

Þessu mati. En vöktun og mótvægisaðgerðir geta aldrei verið stimpil fyrir sjálfbærni, þau geta aldrei bætt upp fyrir þann skaða sem hefur orðið á náttúru og vistkerfum áhrifasvæðis virkjunar.

Allt of lítið er gert úr jarðvegsrofi, áfoksvandamálum og uppfoki í matsdrögunum. Þó að áhrifin séu ekki eins mikil og þau hefðu getað orðið þá eru þau samt töluverð. Auðvelt er að átta sig á fohættuna þegar komið er á svæðið fyrri part sumars þegar minnsta vatnsstaðan er í lóninu. Að meðaltali liggja um [36 km² lónbotnsins](#) á þurru á meðalári þegar vatnsborð landsins er lágt. Hér fylgja nokkrar myndir teknar þann 5. júní 2023 á austurströnd lónsins.



Það segir sig sjálft að þetta efni fýkur burt, sérstaklega í þurri suðvestanátt. Töluvert sand- og leirfok er oft á svæðinu á þessum árstíma.

Áfok á nærliggjandi gróður einnig ofan Hálsvegar mælist líka eins og kemur m.a. fram í vöktunarskýrslum um áfokið.

Rykmökkur liggur oft yfir Héraði í nokkur skipti yfir sumar. Þó að hluti hans komi m.a. af Dyngjusandi þá bætist efnið frá Háslóni við. Og staðbundin áhrif áfoks á gróður og dýralíf á Vesturöræfum og í Kringilsárrana getur orðið töluvert.

Þó að ýmsar mótvægisáðgerðir séu í gangi og gera gagn þá gagnrýnir Landvernd hversu lítinn gaum matsaðilar gefa þessum staðreyndum um rof og fok og þeirri hættu sem er ávallt til staðar. Þó að „Rof og áfok hafi ekki reynst vera í jafn miklum mæli og búist hafði verið við...“, eins og kemur fram á bls. 20 í matsdrögum, þá er slíkt alls ekki ávísun á sjálfbærni.

Það vísar heldur ekki til sjálfbærni að minnka þurfti friðlandið í Kringilsárrana vegna virkjunarinnar Mikil landbrot hefur verið og er enn í Kringilsárrana vegna lónsins sem hefur meira að segja étið sig inn fyrir hin nýju mörk friðlandsins.

Umfjöllun í þessum matsdrögum um áhrif virkjunar á Lagarfljótið er með öllu ófullnægjandi. Varla er komið inn á þau áhrif sem hafa orðið á vistkerfi og lífríki fljótsins. Mikil áhrif hafa m.a. verið á eiginleikum vatnsins og það hefur að sjálfsögðu áhrif á vistkerin og lífríkið. Að nefna áhrif á laxfiska lýsir ekki stöðuna nema að mjög litlu leyti.

Hvaða rannsóknir liggja að baki fullyrðinguna á bls. 54 um að heilbrigð, virk og lífvænleg vatna- og landvistkerfi á svæðinu sem verða fyrir áhrifum af virkjuninni er viðhaldið til lengri tíma? Einnig varðandi þá fullyrðingu á sömu blaðsíðu um að sum áhrif á vistkerfi vatns og lands hafi verið jákvæð? Liggja einhverjar rannsóknir að baki því að áhrifin virkjunar á vistkerfið í Jöklu hafi verið jákvæð? Er hér ekki einungis gengið út frá hagmunum manna vegna laxveiða? En slíkt segir ekkert um vistkerfið í heild. Hverjir eru áhrifin á selstofnin og önnur lífríki? Hver eru áhrifin af minni svifaur á lífríkið í Heráðsflóa? Fullyrðingar í þessum matsdrögum um sjálfbærni þurfa á byggjast á traustum grunni.

Nefna má einnig fullyrðingar í umhverfismatsskýrslu Kárahnjúkavirkjunar um að Jökla muni finna sér fastan farveg og auðvelt verði að græða upp áreyrar standast heldur ekki skoðun hingað til.

Eins og bent er á þá finnst Landvernd að of lítið sé gert úr þeim umhverfisáhrifum sem hlóst af virkjuninni en það er allavega einn staður í matsdrögum þar sem tekið er fram að það eru til neikvæð áhrif, á bls. 46 „þó að flest (neikvæðu) áhrifin af virkjuninni komi fram í hinu sveitarfélaginu ...“

Virkjanasvæðið að loknum nýtingartíma

Á alþjóðlegum vettvangi á vegum Sameinuðu þjóðanna er sjálfbær þróun skilgreint sem „Þróun sem mætir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum“.

Vitað er að Háslónið muni fyllast af aur á ákveðnum, þó löngum tíma. Þá verður á svæðinu stór sand- og leirauðn sem skapar mun miklum vandamálum varðandi áfok og uppfok. Þetta er vandamál sem virkjunin mun skila handa komandi kynslóðum. Og mun fleiri vandamál geta

komið upp tengd þessari virkjun. Langtímaáhrifin eru ekki metin í þessu sjálfbærnimati sem stingur í stúf ekki síst miðað við skilgreiningu á sjálfbærri þróun.

Engin hefur hingað til svarað þeirri spurningu hvað á að gera við virkjanasvæðið eftir að það hefur verið nýtt og þegar það er orðið ónothæf auðn. Aldrei er hægt að kalla slíka nýtingu sjálfbæra.

Í nýrri reglugerð um sjálfbæra landnýtingu er hún skilgreind svona: „Nýting lands skal vera sjálfbær þannig að ekki sé gengið á auðlindir þess og þær endurheimtar eins og unnt er, og jafnframt að viðgangur og virkni vistkerfa haldist. Nýting lands skal byggjast á viðmiðum um sjálfbærni sem taka mið af ástandi lands og lýst er í reglugerð þessari.“ Hefur farið fram mat og úttekt samkvæmt þessum viðmiðum? Ljóst er að með því að eyðileggja svona stórt landsvæði og vistkerfin verður erfitt að sjá að slík nýting teljist vera sjálfbær.

Samfélagsáhrif

Í umfjöllun um samfélagsáhrifin vantar mörg atriði.

Ekkert er um það að stjórnvöldin hafi [brugðist lýðræðinu](#) á ýmsan hátt á ákvörðunartíma virkjunar. Ákvörðun um að virkja var ekki tekin á vísindalegum forsendum, umræðan var ekki opin – hvorki hvað varðar aðra valkosti né að allir gætu óhindrað lagt sitt til málanna. Ekki lá heldur fyrir hver væru raunveruleg verðmæti þeirrar ósnortnu náttúru sem yrði óhjákvæmilega fórnað.

Hátt hljóma einnig orð þeirrar Friðriks Sophussonar þáverandi forstjóri Landsvirkjunar og Valgerðar Sverrisdóttur þáverandi iðnaðarráðherra við sendiherra Bandaríkjanna í tilefni af fyrstu skóflustungu að álveri Alcoa á Reyðarfirði. Nefnilega þau að til þess að hægt væri að ráðast í virkjunina hefði þurft að beygja reglurnar, „[Bending all the rules just for this project](#)“. Þetta er sorgleg staðreynd sem ætti ekki að geta gerst í lýðræðisríki.

Einnig þarf að sú staðreynd að [skoðanakúgun](#) var mikil á ákvörðunar- og byggingartíma Kárahnjúkavirkjunarinnar, sérstaklega á Austurlandi, vera með inn í þessu mati. Haft var hátt um það að þau sem vorum á móti Kárahnjúkavirkjun væru á móti uppbyggingu, góðu atvinnulífi og framförum á Austurlandi. Andstæðingum var einnig sagt mjög skýrt að þau þurfi að passa sig hvað þau sögðu upphátt því það gæti haft afleiðingar. Sumir áttu jafnvel á hættu að [missa vinnu sína](#) vegna andstöðu við virkjunina. Lögreglan fylgdist með ferðum og lífi fólks sem hafði ekkert gert af sér nema að hafa opinberað að vera andsnúið þessari virkjun og tekið þátt í friðsælum mótmælum.

Samfélaginu á Austurlandi var splundrað sem hafði töluvert áhrif á marga og hefur jafnvel ennþá í dag. Vitað er um að slíkt ástand innan nærsamfélaga getur haft neikvæð áhrif á [lýðheilsu](#). En ekkert er fjallað um það mál í þessu mati.

Í matinu kemur fram stefnu Landsvirkjunar um að vera góður granni. Ofan nefnd atriði þurfa að fara inn í það mat.

Minnst þarf einnig á þau mannréttindabrot sem voru framin á byggingartíma, sérstaklega varðandi verkafólks á vegum fyrirtækis Impregilo. Ekki er hægt að kalla virkjun sjálfbæra sem var byggt upp á grunni ýmissa mannréttindabrota.

Samantekt

Kárahjúkavirkjun getur aldrei talist vera sjálfbær, sérstaklega vegna mikillar umhverfisáhrifa, óvissu um framtíðaáhrif og töluverða annmarka á samfélagáhrifum á ákvörðunar- og byggingartíma. Umhverfisáhrifin eru ekki afturkræf og engar mótvægisáðgerðir geta vegið upp á móti þeim þó að þær geti vissulega dregið úr áhrifum. Notkun á endurnýjanlegum orkugjafa þýðir ekki sjálfkrafa að framkvæmdin sé sjálfbær. Eyðilegging og röskun á náttúrunni á þessum stóru áhrifasvæðum stríðir gegn þeirri skilgreiningu að vera sjálfbært.

fh. stjórnar Landverndar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir, formaður